

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2025  
UST202412-076/A.Ö.H.  
10.05.00

## **Efni: Ósk um umsögn - Vatnsdalsvegur (722-01) í Húnabyggð, Hringvegur - Undirfellsrétt**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tóku Umhverfis- og orkustofnun og Náttúruverndarstofnun til starfa en umsögn þessi er skrifuð af Umhverfis- og orkustofnun.

### **Framkvæmdarlýsing**

Vegagerðin áformar að endurbyggja Vatnsdalsveg (722) á samtals 14,9 km kafla frá Hringvegi og suður að afleggjara að Undirfellsrétt. Núverandi vegur er með malarýfirborði og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur um Húnabyggð og verður engin breyting á vegalengd. Framkvæmdir verða að mestu innan núverandi vegsvæðis, nema á stuttum köflum við Hnjúk og Helgavatn. Á Vatnsdalsvegi eru 40 ræsi á framkvæmdarsvæðinu og gert ráð fyrir að þau minnstu verði stækkuð. Vegagerðin telur að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði fylgi núverandi vegi, muni framkvæmdin hafa í för með sér óveruleg neikvæð áhrif á umhverfið.

### **Áhrif á vatn**

Í skýrslu og áhrifamati Vegagerðarinnar á vatnshlot framkvæmdasvæðisins, segir að framkvæmdin verði í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Vegagerðin telur að við framkvæmdina verði óveruleg breyting á vistfræði- og efnafræðilegu ástandi vatnshlota.

Fram kemur í áhrifamati að fyrirhugað framkvæmdasvæði nái yfir fimm aðgreind vatnshlot eins og þau eru skilgreind í Vatnavefsja. Þrjú straumvötn; Hnjúkslækir (101-1819-R), Kornsa (101-1553-R) og Vatnsdalsá (101-1604-R), eitt stöðuvatn Flóðið (101-1159-L) og eitt grunnvatnshlot, Stórisandur (101-173-G). Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að í áhrifamati er Flóðið ranglega skráð 101-1156-L, en rétt númer vatnshlotsins er 101-1159-L.

Straumvatnshlotin Vatnsdalsá, Kornsa og Hnjúkslækir sem og stöðuvatnshlottið Flóðið hafa verið flokkuð í mjög góðu vistfræðilegu ástandi, út frá líkindum en þörf er á gögnum til að staðfesta ástandsflokkun. Efnafræðilegt ástand þeirra er óþekkt og þess vegna óflokkað vegna skorts á gögnum. Grunnvatnshlottið Stórisandur hefur ekki verið ástandsflokkað, þ.e. magnaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt og því óflokkað vegna skorts á

gögnum. Umhverfismarkmið eru að grunnvatnshlotið hafi góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand<sup>1</sup>. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að í kafla 3.1 í áhrifamati vantar heimildina sem á að sýna gæðarætti fyrir straum- og stöðuvötn.

Það er mat Umhverfis- og orkustofnunar að fyrirhuguð framkvæmd eins og henni er lýst í áhrifamati Vegagerðarinnar ásamt mótvægisáðgerðum, muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á vistfræðilegt ástand straum- og stöðuvatnshlotanna. Bæði á framkvæmdartíma og að framkvæmd lokinni. Umhverfis- og orkustofnun telur að útfra gögnum áhrifamats Vegagerðarinnar, að framkvæmdin muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á bæði magnstöðu og efnafræðilega þætti grunnvatnshlotsins.

### **Niðurstaða**

Umhverfis- og orkustofnun telur að umfjöllun í greinargerð um möguleg umhverfisáhrif sem framkvæmdin getur valdið hafi verið fullnægjandi og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Arnar Össur Harðarson  
**sérfræðingur**

Hlín Gísladóttir  
**lögfræðingur**

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/>